

# Hvernig flokkast söngröddin?

„Hvers konar rödd hef ég“, er um það bil það fyrsta sem sögnemandi spyr, þegar hann fer til söngkennara. Þetta virðist eðlileg og auðveld spurning. Þó er henni ekki alltaf auðsvarað.

Eins og mörg flokkun er fyribærð oft skilgreiningaratriði, því að frá náttúrunnar hendi eru mörkin stundum óskýr og kennari þarf oft að vinna nokkuð lengi með nemanda, áður en í ljós kemur, hvernig réttast sé að flokka röddina. Stundum er það jafnvel ekki ljóst að loknu löngu námi, þar eð sumar raddir búa yfir möguleikum í fleiri en eina átt.

Í sjálfu sér liggar ekki mikið á fyrr sögnemanda að fá þetta atríði á hreint og skiptir í raun ekki höfuðmáli, fyrr en nemandinn ætlað að fara að læra óperuhlutverk eða velja sér verkefni, sem hæfir röddinni.

En það getur verið gremjulegt fyrr þann, sem er búinn að leggja á sig að læra mörg löng og erfð hlutverk í einu fagi, að uppgötvu þá að röddin er farin að hækka sig eða lækka, allt erfidið unnið fyrr gýg, og ekki um annað að ræða en að snúa sér að því að læra ný hlutverk, sem falla að breyttri rödd.

## Hvernig flokkast svo raddir?

Í grófum dráttum á eftirfarandi hátt: Hæsta kvenröddin hefur verið kölluð *sópran* en sú lægsta alt eða jafvel *kontraalt*, ef röddin er óvenjudjúp. Þar á milli kemur *mezzo-sópran*, sem hefur minni hæð en sópran og dekkri litblæ, án þess þó að vera jafndjúp og dökk og altröddin.

Hæsta karlmannsröddin hefur á sama hátt verið kölluð *tenór*, en sú dýpstá bassi og þar á milli kemur svokölluð *barítónrödd*. Algengustu raddir eru að sjálfsgöðu *mezzó-sópran* hjá konum og barítónraddir hjá körlum, en þó eru það einmitt þessar raddir, sem hvað oftast breyta sér með þjálfun og annað hvort hækka sig eða lækka eftir ástæðum.

## Skiptir raddumfang eitt sér öllu máli?

Nei, svo er ekki. Raddlitr getur skipt jafnmiklu máli. Sópran- og tenórraddir eru til dæmis venjulega skærar og bjartar raddir í eðli sínu, en alt og bassaraddir dökkar og oftast þungar raddir. Mezzo-sópran og barítónraddir fara bil beggja, hvað lit varðar. Engar tvær raddir eru eins, því að hver og ein hefur sinn persónulega raddblæ, sem þó er til dæmis hægt að lýsa eða dekkja, ef kunnáttu til þess er fyrr hendi. Á ítölsku hefur þetta fyribærri verið kallað „*chiaroscuro*“, sem þýðir eiginlega „bjart-dimmt“ og þá er átt við, að

söngvarinn eða söngkonan finni kjarna í rödd sinni, sem er nokkurn veginn hlutlaus, en út frá þeim kjarna geti röddin farið í átt hins ljósa og tæra eða í áttina að því dökka og matta innan þeirra marka, sem eðli raddirinnar leyfir.

Í raun er persónulegur litar og blær hverrar raddir að mestu bundinn við miðsvið raddirinnar, þar eð hæðin verður meira einlita, ljósari og bjartari, en dýptin dökk og mótt. Litauðgin er því fyrst og fremst bundin við miðsviðið, þar sem hvort tveggja mætist. Því má segja, að miðsvið raddirinnar sé undirstaðan, sem annað byggir á.

Til eru söngvarar, sem leggja það í vana sinn að „yfirlýsa“ röddina, t.d. til að auðvelda sér að komast upp í hæðina eða „yfirdekkja“ til þess að fá fram meiri fyllingu, en hvort heldur sem er, fer litauðgi raddirinnar forgörðum og þar með mikilvægt tjáningartæki.

## Hvers vegna eru raddir svo mismunandi?

Mannsröddin er sama eðlis og blásturshljóðfæri. Hún myndast í barkanum við það, að loft frá lungunum þrengir sér á milli lokaðra raddbanda og kemur þeim þar með í sveiflu. Sveifluhraðinn ákvárdar tónhæðina. Eðli raddirinnar fer hins vegar eftir lengd og þykkt raddbandanna. Háar raddir hafa yfirleitt tiltölulega stutt og þunn raddbönd, en djúpar raddir lengri og þykktar.

Þeim mun hæri sem hinn sungni tónn er, þeim mun strekktari eru raddböndin, en þeim mun dýpri sem hann er, þeim mun minna spennt eru þau. En það situr ekki við þetta eitt. Á lægstu tónunum titra raddböndin bæði í lengd og breidd, á miðsviðinu titra einungis jaðrar raddbandanna en á hæstu tónunum einungis hluti þeirra.

Á þessu atríði grundvallast svokölluð registurskipti raddirinnar, þ.e.a.s. hvert tónninn leitar til að magnast og öðlast sinn sérstaka lit. Oftast er talað um svokallað höfuðregistur, miðregistur og brjóstregistur, og kveikjan að nafngiftinni er það, hvar söngvarinn skynjar hljóminn og hljómmögnumunina, þegar hann er að syngja. Hljómmögnumunin fer í sjálfu sér fram í svokölluðum hljómholum í hálsi, nefkoki og höfði ofan við raddböndin, þar sem hljómurinn verður til, en þar eð einstaklingurinn getur ekki meðvitað skynjað holrúm í líkamanum sem slík, verður hann að hafa það að leiðarljósi, hvar tónninn skellur á einhverju hördu eins og t.d. höfði, andliti og ennisbeinum eða brjóstkassa, og skynjar söngvarinn tónmögnumunina sem einhvers konar titring á hlutaðeigandi stað.



Maria Callas sem Lucia. Hún var sópran og gat sungið nánast allt, lýrisk hlutverk, dramatisk og fyrr kóloratúru.

## Innbyggðir veikleikar raddirinnar.

Flestir tónar mannsraddirinnar leita mögnunar eðlilega og fyrirhafnarlaust á ákveðnum stöðum. Hins vegar eru alltaf nokkrir tónar í hverri rödd, þar sem ekki er alveg skýrt, hvert hljómurinn leitar mögnunar eðlilega, heldur er í raun hægt að syngja þessa tóna t.d. annað hvort með brjósthljóm eða höfuðhljóm. Hvort heldur sem gert er, veldur það misfellum jafnt í lit sem hljómstyrk hlutaðeigandi tóna og sé ekkkert að gert má auðveldlega heyra skiptin. Þetta þykir lýti í fagursöng, þar eð takmark hans er að jafna allar misfellur með því að blanda saman brjósthljóm og höfuðhljóm á þessum vandmeðföru tónum, þannig að engin skörp mörk verði heyranleg, hvort heldur sem er í lit eða hljómstyrk.

Þetta er að verulegu leyti gert með því að yfirkeyra ekkert eitt raddsvið heldur leyfa þeim að halda fullkomnu jafnvægi sín á milli, þannig að í hverjum tón sé raunveruleg tenging við öll þrjú registur, þó að eitt yfirlægfi ónnur í samræmi við tónhæðina. Um leið og farið er að keyra eitt raddsvið til hins ítrasta, gerist það venjulega á kostnað hinna tveggja, þar eð tengslin losna. Sé til dæmis miðsviðið yfirkeyrt, getur það með tið og tíma misst samband við hin sviðin og gert söngvaranum erfitt um vik að komast eðlilega og auðveldlega upp á háu tónana, en séu þeir að staðaldri þandir til hins ítrasta, getur það smám saman leitt til þess að lægra raddsviðið missi lit og hljóm, því að sambandið við lægri mögnunarmöguleika rofnar eða torveldast.

## Hvaða tónlist hentar hverri rödd?

Það er tiltölulega auðvelt að skilja, hvers vegna þunn og stutt raddbönd, sem liggja að baki háum og skærum röddum, eru hreyfanlegri og sveigjanlegri en þykk og löng raddbönd, sem liggja að baki dökum og þungum röddum. Þegar við bætist að dýpstu tónarnir byggja á því, að raddböndin sveiflast í lengd, breidd og þykkt, en efri tónarnir á að einungis jaðrar raddbandanna sveiflast eða lítt hluti þeirra, verður enn skiljanlegra, hvers vegna háar raddir eru sveigjanlegri en dökkar, en dökkar raddir betur fallnar til að breiða úr sér. Blökkusöngkonan Kathleen Battle sagði einhverju sinni: „Raddir eru eins og bílar. Sumir eru gerðir til að standa sig í beygjunum, aðrir til að bera þung hlöss“ og



Feodor Chaliapin er frægasti bassi aldarinnar. Hér í hlutverki Mefistofeles í Fást ásamt Rosina Storchio sem Margrét (lyrískur sopran).

hitti þar með naglann á höfuðið. Það liggur því mismunandi vel fyrir einstökum röddum að syngja tónlist af mismunandi gerð og frá mismunandi tímabilum, allt eftir því hvernig röddin er gerð frá náttúrunnar hendi, þó að margt megi þjálfa, sem náttúran sjálf hefur ekki gefið.

## Vafaatriðin.

Þegar mikill vafi leikur á, hvort eigi t.d. að flokka rödd sem sopran eða mezzo-sopran, tenór eða barítón, getur verið stoð í því að kanna nákvæmlega á hvaða sviði registurskipti verða; auk þess skiptir máli, hvaða svið er þægilegast fyrir hlutaðeigandi söngvara eða söngkonu. Sumir söngvarar, sem hafa skínandi góða hæð, þreytast engu að síður, ef þeir eiga að syngja til lengdar í hæðinni, meðan aðrir blómstra á þessu sviði, en þreytast meira ef þeir eiga að syngja til lengdar neðar á tónsviðinu. Allt þetta talar sínu máli og bendir söngvaranum á, hvað hann eða hún eigi að syngja, hvað liggi best fyrir því hljóðfæri, sem hann eða hún hefur í barkanum.

Halldór Hansen



Grace Bumbry í hlutverki Amneris í Aidu þegar hún var mezzosopran. Nú er hún sopran og syngur hlutverk Aidu.

## Hljómdiskur með Ólafi Árna

Ólafur Árni Bjarnason tenór er ekki maður sem tvínónar neitt við hlutina. Nú í sumar datt honum í hug að það gaëti verið gaman að syngja inn á plötum því hann hefði lært heilmikið af hlutverkum. Hann skellti sér því heim til Íslands, æfði með vini sínum Ólafi Vigni Albertssyni stutta hrö og létt að því loknu taka upp flutning þeirra félaga á íslenskum lögum og ýmsum óperuaríum. Ólafur ætlar sjálfur að gefa út plötuna seinna í vetrur.